

## FORSETAÚRSKURÐUR um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti.

FORSETI ÍSLANDS  
*gjörir kunnugt:*

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, og laga um Stjórnarráð Íslands, skiptist Stjórnarráð Íslands í ráðuneyti sem hér segir:

1. forsætisráðuneyti,
2. atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti,
3. dómsmálaráðuneyti,
4. fjármála- og efnahagsráðuneyti,
5. mennta- og menningarmálaráðuneyti,
6. samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti,
7. umhverfis- og auðlindaráðuneyti,
8. utanríkisráðuneyti,
9. velferðarráðuneyti.

Úrskurður þessi öðlast gildi 1. maí 2017. Frá sama tíma falla úr gildi ákvæði eldri forsetaúrskurðar nr. 99 frá 30. ágúst 2012 um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti.

*Gjört í Reykjavík, 7. apríl 2017.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Bjarni Benediktsson.*